



FUNDARGERÐ

242. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði fimmtudaginn 16. ágúst 2018 kl. 12:00.

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Ágústa Björnsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Björg Björnsdóttir, Jón St. Garðarsson Mýrdal og Páll Breiðfjörð Pálsson framkvæmdastjóri.

Dagskrá:

1. Ný stjórn skiptir með sér verkum skv. samþykktum HEF
2. Vettvangsferð stjórnar HEF og bæjarstjórnar
3. Innkomin erindi
4. Vatnsveita á Iðavallatorfunni
5. Skýrsla framkvæmdastjóra
6. Önnur mál

Gunnar Jónsson stýrði fundi.

1. Ný stjórn skipti með sér verkum.

Tillaga um skipan nýrrar stjórnar.

Formaður: Gunnar Jónsson

Varaformaður: Ágústa Björnsdóttir

Ritari: Gunnhildur Ingvarsdóttir

Vararitari: Björg Björnsdóttir

Stefnt skal að stjórnarfundum þriðja fimmtudag í mánuði á Hótel Héraði kl. 12:00

Samþykkt samhljóða.

2. Vettvangsferð.

Samþykkt að fara í vettvangsferð um starfsstöðvar HEF fimmtudaginn 20. september. Eftirtöldum yrði boðin þátttaka í ferðinni: stjórn og varastjórn HEF, bæjarstjórn, bæjarstjóra, framkvæmdastjóra HEF og fyrrverandi framkvæmdastjóra ásamt starfsmönnum HEF.

Framkvæmdastjóra falið að vinna að undirbúningi ferðarinnar.

3. Innkomin erindi.

Erindi frá Önnu Maríu Arnfinnsdóttur v/hitaveitureiknings að Skjólvangi 4, Skemmuhúsi.

Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.

4. Vatnsveita á Iðavallatorfunni.

Framkvæmdastjóra falið að upplýsa stjórn um uppreiknaðan kostnað við gerð vatnsveitunnar og að afgreiða málið samkvæmt formlegu ferli.

5. Skýrsla framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri greindi frá framkvæmdum HEF vegna Vök Baths.
Verðkönnun varðandi 1. áfanga að lögnum að Vök Baths er lokið. Austurverk átti lægsta verð. Framkvæmdir eru að hefjast.
2. áfangi er í hönnun og fer síðan í verðkönnun.

Innleiðing persónuverndarlaganna er í vinnslu.
Framkvæmdum í Selás er lokið nema ganga frá gangstéttum einnig í Sólbrekku.
Eftirlit veitna er í vinnslu í samvinnu við HAUST.
Bilun var í vatnsveitunni á Eiðum og lagfæra þarf dæluhús og búnað.
HAUST hefur gert athugasemdir við ýmis svæði HEF og þar þarf að taka til hendinni við úrbætur. Setja skilti og laga girðingar.

Framkvæmdastjóri greindi einnig frá ýmsum fleiri verkefnum sem eru í vinnslu hjá HEF.

6. Önnur mál.

Ágústa spurðist fyrir um frárennismál í Höfðavík og hvort hafi verið farið út í verðkönnun hjá verkfræðistofum þegar þjónustu þeirra hefur verið þörf.

Fundargerðin upplesin, samþykkt og fundi slitið kl. 14:59.

Fundargerð ritaði Gunnhildur Ingvarsdóttir.